



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Árs nýsköpunar
29. október 2010**

Forystumenn í atvinnulífi
Góðir gestir

Það er vel við hæfi að ýta úr vör Ári nýsköpunar hér í salarkynnum Marels, fyrirtækis sem er í forystu á heimsvísu en á rætur í hugmyndum, rannsóknum og framtíðarsýn fáeinna einstaklinga, í nýsköpun manna sem sáu tækifæri í samspili nútímataekni og atvinnugreinar sem Íslendingar höfðu stundað frá landnáms tíð.

Marel er líka vettvangur sem varpar ljósi á tækifærin sem urðu til við hrun bankanna – þótt flestum kunni að þykja einkennilegt að taka þannig til orða. Engu að síður er það staðreynd að í kjölfar hrunsins gafst þessu góða fyrirtæki, eins og reyndar mörgum öðrum sem sækja kraft sinn í hugvit starfsmannanna, færi á að ráða hámenntaða verkfræðinga, tæknifólk, sérfræðinga í hugbúnaði sem bankarnir höfðu áður laðað til sín með margvíslegum gylliboðum.

Bankarnir voru í reynd orðnir eins og risatré sem með skugga sínum komu í veg fyrir að nýr gróður gæti þrífist, hindruðu að fjölmargar plöntur sem skotið höfðu rótum næðu að dafna.

Við sáum þetta ekki þá en atburðarásin síðustu misserin hefur sýnt okkur glögglega að endurreisnin, sóknin til farsællar framtíðar þarf að byggjast á að fjölþætt flóra nýsköpunar myndi kröftugan og litríkan skóg, komi í stað fáeinna risafura sem reyndust þjást af bráðum fúa.

Boðskapurinn sem Ár nýsköpunar færir okkur: „Frumkvæði – fjárfesting – farsæld“ á erindi til allrar þjóðarinnar og mun vonandi veita landsmönnum nýja sýn á framtíðina, auka bjartsýni í brjóstum okkar.

Nýsköpun er sú auðlind sem skipta mun sköpum í hagkerfi hinnar nýju aldar, ráða úrslitum um samkeppnihæfni þjóða heims.

Við Íslendingar njótum þeirrar gæfu að búa ríkulega að öðrum auðlindum sem sífelld verða dýrmætari: Fiskistofnum, hreinni orku, forðabúrum drykkjarvatns, náttúruþerlum. Allt eru þetta gæði sem milljarðar fólks vítt og breitt um heimsbyggðina sækjast eftir; eru víða af skornum skammti; verðmætið vex því ár af ári.

Ef okkur tekst til viðbótar að rækta nýsköpunargetu þjóðarinnar, blasir við farsæl framtíð. Því er gagnlegt að sækja innblástur í árangur nýsköpunar sem nú þegar opnar okkur á hverjum degi nýjar leiðir, færir okkur fjölda tækifæra til nýrrar sóknar.

Mætti ég þessu til staðfestingar nefna fáein dæmi úr dagskrá minni síðustu vikur, dæmi um hvernig áhrifamenn frá ólíkum álfum sækjast eftir samstarfi við Íslendinga vegna þeirrar nýsköpunar sem hér er að finna; vilja fá hlutdeild í afrakstri hennar um leið og okkur yrði veitt eðlileg umbun.

Ráðherra endurnýjanlegrar orku á Indlandi kom hingað þeirra erinda að leita leiða til að nýta íslenskt hugvit og orkutækni svo að indversk stjórnvöld gætu gerbylt lífsháttum í Kasmír og byggðum Himalajafjalla.

Putin forsætisráðherra Rússlands sendi sveit háttsettra forystumanna til Íslands sömu erinda og nýlega gerðu Bandaríkin við okkur samning um jarðhitasamstarf. Það svið er í reynd orðið eitt helsta kennileitið í nýsköpunarárangri síðustu áratuga, enda höfum við jafnt og þétt skapað ný tækifæri úr heitu vatni.

Æðsti yfirmaður Beijingborgar, fyrrum formaður Ólympíuleikjanefndar Kína, vill fá Össur hf. til að reisa þar verksmiðju svo að milljónir landsmanna geti gengið og hlaupið á ný með hjálp íslenskrar nýsköpunar.

Fatnaður, húsgögn og borðbúnaður og fleiri verk íslenskra hönnuða voru til sýnis í Norræna vitanum í miðborg Sjanghæ, í námunda við skálann á Heimssýningunni sem við reistum í krafti hugvits og tækni, af minni efnum en aðrar þjóðir; samt varð hann með þeim vinsælustu því að hann vitnaði um heillandi nýsköpun.

Iðandi starfsstöð CCP í sömu borg, sveit ungra Íslendinga, Kínverja og Evrópubúa sem nýta hugvit sitt og sköpunarkraft til að þróa leikinn EVE Online sem nær hálf milljón manna borgar fyrir í hverjum mánuði; útibú sem kallast á við höfuðstöðvarnar á Grandanum, þar sem áður var fiskvinnsla Bæjarútgerðarinnar. CCP er reyndar líka dæmi, eitt af mörgum, um fyrirtæki sem blómstrað hafa í kjölfar bankahrunsins; áminning til okkar allra um að á tímum erfiðleika birtast tækifæri.

Þannig gæti ég lengi rakið atriði sem tengjast nýsköpun úr dagskrá síðustu vikna. Ég minnst líka ánægjulegrar samkomu í þessum sal um miðjan september þegar verðlaun voru afhent í Nýsköpunarkeppni grunnskólanema; fullur salur af hressum krökkum og foreldrum þeirra. Rúmlega 1.600 tillögur höfðu borist frá 45 skólum í öllum landshlutum, frumlegar og nýstárlegar, sönnun þess að nýsköpunargetan er rík þegar á æskuárum.

Það er með skemmtilegri skyldum forsetans að veita árlega viðurkenningar í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda og einnig að fagna á Bessastöðum sigurvegurum í Nýsköpunarkeppni námsmanna sem mættir eru til að taka við Nýsköpunarverðlaunum forseta Íslands; verða við báðar athafnir vitni að kraftinum sem býr í ungu kynslóðinni og taka þátt í að vekja athygli á gildi nýrra lausna, sköpunarkraftinum.

Ár nýsköpunar þarf að efla þetta starf í skólunum því nýsköpunargleði nýrra kynslóða getur skilað miklum arði í framtíðinni.

Höfum líka hugfast að vettvangurinn er í reynd Ísland allt, þjóðin sjálf, og markmiðið að sérhver geti tekið þátt í nýsköpun; frumkvæði eins lykillinn að farsæld allra.

Ég færi ykkur sem hafið skipulagt Ár nýsköpunar einlægar þakkir og vona að margbrotin dagskráin verði til að efla bjartsýni og sóknarhug Íslendinga.